

Sp.

669. Þingsályktun

[38. mál]

um fangelsismál.

(Afgreidd frá Sp. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi.

Á grundvelli þeirrar úttektar skal nefndin skila álitum jafnóðum og það liggur fyrir er feli í sér:

1. Stöðu fangelsismála.
2. Tillögur um brýnar úrbætur.
3. Áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Dómsmálaráðherra skipar formann nendarinnar úr hópi nefndarmanna.